

JÓN ÓLAFSSON

Rússneska byltingin fyrr og síðar

Inngangur að þema

I

Það var ekki mikið um að vera í Moskvu, 7. nóvember árið 2017. Borgin var ekki skreytt risavöxnum andlitsmyndum byltingarleiðtoga, það blöktu ekki rauðir fánar við hún um alla borg og það var ekki frídagur heldur. Nei, eitthundrað ára afmæli byltingarinnar bar upp á ósköp venjulegan þriðjudag í Moskvu.

Það var ekki mikið um að vera í Moskvu þennan dag fyrir hundrað árum heldur og raunar var ekki stór munur á dögum um þetta leyti í þáverandi höfuðborg Rússlands Petrograd eða öðrum borgum hins fallna heimsveldis. Lífið einkenndist af vaxandi upplausn á flestum sviðum þjóðlífsins. Breytingin sem varð að kvöldi þessa dags og nóttina eftir var ekki þess eðlis að það hefði bein eða tafarlaus áhrif á stemmninguna á götunum: Bolsévíkar höfðu vissulega tekið völdin, ráðherrar bráðabirgðstjórnarinnar sem ekki höfðu komið sér í burtu verið teknir höndum, og Lenín leiddi nú nýja ríkisstjórn, en hvað þýddi það og hver var Lenín?

Ástandið í Rússlandi er daglegt umfjöllunarefni helstu fjölmiðla á Vesturlöndum, þá ekki síður en nú. Fréttaritarar stórblaða á borð við *The New York Times* fylgjast með eftir því sem það er hægt í óreiðukenndri framvindunni. Áttunda nóvember er greint frá því að daginn áður hafi bolsévíkar tekið á sitt vald ýmsar lykilstofnanir í Petrograd – og leiðtogi Bráðbirgðastjórnarinnar Alexander Kerenski er spurður hvort hann ætli virkilega að láta marga þekkta bolsévíka – sem nýlega hafi verið látnir lausir úr fangavist – fara sínu fram óáreitta. Fimmta nóvember hafði Leon Trotski komið á fót „Byltingarhernefnd“ sem tafarlaust krafðist þess að herdeildir sem staðsettar voru í borginni og í kringum hana hlýddu einungis skipunum þess – blaðamaður stórblaðsins segir þessa ráðstöfun bera vott um snilli Trotskis, sem skilji að það séu margar leiðir til að taka völdin.¹

¹ „Bolsheviki seize state buildings defying Kerensky“ *The New York Times*, 8. nóvember 1917, bls. 1, 12.

Trotskí er sá úr hópi bolsévíka sem hefur formlegt embætti þessa daga – hann var jú í forsæti ráðaðingsins og stýrði framkvæmdanefnd þess. *The New York Times* sér hann sem hinn virka leiðtoga byltingarinnar. Níunda nóvember birtir blaðið stóra grein um Trotskí og bendir á að hann hafi nokkrum mánuðum fyrr búið í Bronx hverfinu í New York.² Þótt þar komi fram að Lenín sé hinn raunverulegi leiðtogi byltingarinnar er mikið gert úr hlut Trotskís, enda er það hann sem í forsæti Ráðaðingsins – viðtakanda valdanna þegar Bráðabirgðastjórnin er fallin – segir hin frægu orð: „Við þá sem gengu héðan út og þá sem leggja slíkt til verðum við að segja þetta: Þið eruð eymdin sjálf, málstaður ykkar er gjaldþrota, hlutverki ykkar lokið. Farið nú á þann stað sem héðan af tilheyrir ykkur: Ruslahaug sögunnar.“³

Fáir trúa því að bolshevíkar – sem oft eru kallaðir maximalistar á þessum tíma – muni halda völdum til lengdar. Mörgum dettur í hug að valdataka þeirra muni greiða götu íhaldsafla sem hafi hug á að endurreisa keisaradæmi eða koma á herforingjastjórn. *The New York Times* hefur eftir hverjum á fætur öðrum þá almennu niðurstöðu að bolsévíkar geti ekki unnið þennan slag. Þeir séu of mikill jaðarhópur, stuðningur við þá of takmarkaður, áhugi almennings á þeim lítill og óvinsældir leiðtoganna, Leníns og Trotskís, miklar.⁴

Fjórum dögum síðar liggur allt ljóst fyrir – enginn vafi leikur lengur á því að maximalistunum í Petrograd verði steyppt, segir í *The New York Times* tólfta nóvember. Spurningin er bara hvort herforinginn Kornilov eða leiðtogi Bráðabirgðastjórnarinnar Kerenskí, muni leiða næstu stjórn. Í lok fréttarinnar segir að skóframleiðendur hafi samþykkt að afgreiða pöntun á 2 milljónum para af skóm sem eigi að fara á Rússlandsmarkað, svo vissir séu menn um að þar verði áfram stjórnvöld sem virði gerða samninga.⁵

Fréttirnar af byltingunni árið 1917 og dagleg umfjöllun blaða á Vesturlöndum eru tilraun til að lýsa atburðarás jafnóðum og að mestu leyti lausar við þá túlkun atburðanna sem síðar kemur. Orðið kommúnismi sést ekki. Nokkrir leiðtogar byltingarinnar koma við sögu: Lenín og Trotskí, Kamenev og Zinovjev, Kollontaj, Stalín – þetta eru fulltrúar Bolsévíka frá

² „Trotzky in Exile lived in Bronx“ *The New York Times*, 9. nóvember 1917, bls. 2.

³ 1917 Revoljutsía prjamoj efir. Vefur um byltingarárið. Sótt 10. desember 2017, <https://project1917.ru/october/posts/08.11.17>.

⁴ „Hope strong man will rule Russia“ *The New York Times*, 9. nóvember 1917, bls. 3.

⁵ „Optimism in Washington“ *The New York Times*, 12. nóvember 1917, bls. 1.

Petrograd á stjórnlagahöfðinginu sem kosið er í lok nóvember og á að taka til starfa í desember.⁶ En loks þegar að því kemur í janúar hafa Lenín og hans nánustu samstarfsmenn fengið nóg af því að vera bara einn flokkur af mörgum. Þeir leysa upp stjórnlagahöfðinginn. Hér eftir er ljóst að fulltrúar annarra flokka verða fyrst og fremst að lúta þeim.⁷

Á næstu tíu árum mótast sú frásögn af atburðum byltingarinnar sem sigurvegararnir vilja festa í sessi. Í stað tilviljanakenndrar óreiðunnar í stríðshrjáðu landi, er byltingin valdataka verkamanna, hermanna og bænda og leiðtogar hennar framvarðasveitin sem leiðir verkalýðinn til sigurs. Kvikmynd Sergejs Eisenstein, *Október*, sem gerð er í tilefni af tíu ára afmæli byltingarinnar brúar bilið á milli minningar og veruleika. Atburðir öðlast táknræna merkingu, þeim er raðað upp á nýtt eða sviðsettir. Frásögn bandaríska blaðamannsins Johns Reed sem fylgdist með atburðum í Petrograd allt haustið 1917 og var í góðum tengslum við bolsévika gaf lýsingu þeirra þá snerpu og spennu sem þótti hæfa. Bók hans *Tíu dagar sem skóku heiminn*, með formála Leníns, var eitt af grundvallarritum byltingarinnar og jafnvel þótt Stalín mislíkaði hvað hún fjallaði mikið um Trotskí og lítið um sig, var titill hennar notaður á alþjóðlega útgáfu kvikmyndar Eisensteins sem vakti heimsathygli árið 1928 – sama árið og Óskarsverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn og sama árið og 6. þing Alþjóðasambands kommúnista lýsir því yfir að sósíaldemókratar séu höfuðstoð borgarastéttarinnar og réttnefndir sósíalfasistar. Kommúnistar muni berjast gegn þeim af hörku og hafa fullan sigur – það sé óhjákvæmilegt. Kapítalisminn og afskræming mannlífsins í skemmtanaíðnaðinum heyri brátt sögunni til. Heimurinn er í skautun – öfgar á báða bóga nærast á kreppu og óvissu. Í Sovétríkjunum heldur Stalín byltingunni áfram með þvinguðum umskiptum í landbúnaði og iðnaði, milljónir falla í hungursneyðum og hreinsunum en uppúr þessu verður Rússland stórveldi á ný.⁸

Frásögnin af byltingunni, fínússuð eftir þeim hugmyndafræðilegu og sögulegu kröfum sem flokkseinræði Sovétríkjanna krefst er helgisögn, og um nokkurra áratuga skeið hin viðurkennda birtingarmynd sigurs verka-

⁶ „Bolsheviki carry six Petrograd seats in the assembly“ *The New York Times*, 1. desember 1917, bls. 1.

⁷ „Congress of Soviets to replace assembly“ *The New York Times*, 22. janúar 1918, bls. 5.

⁸ Sergej Eisenstein, *Oktjabr*, frumsýnd 1927; *Október: Ten Days that Shook the World*, frumsýnd 1928; John Reed, *Tíu dagar sem skóku heiminn*, ísl. þýð. Þorvaldur Þorvaldsson (Reykjavík: Skrudda, 2017).

lýðsins. Róttækt fólk og verkalýðssinnað um allan heim lítur svo á að Rússneska byltingin hafi fært mannkynið stórt skref í átt að fagurri framtíð. Slíkar framfarir – að verkalýðurinn hafi tekið völdin á einum stað – séu óafturkræfar. Leiðin liggur aðeins fram á við, aldrei til baka. Nútíminn er kominn í líki alræðis öreiganna og flassar rauðri stjörnu.

II

Þemagreinar þessa heftis fjalla um byltinguna, áhrif hennar og afleiðingar. Fjórar þeirra eru ritrýndar fræðigreinar. Jóhann Páll Árnason skrifar um byltingarhugtakið – ólíkar merkingar þess í samhengi Rússnesku byltingarinnar og greinir um leið ferlana og atburðarásir sem felldar eru undir hana. Skilningur á byltingunni þarfnast þess að hægt sé að greina sundur ólíka strauma og markmið – og mælskulist eða fegrun sem er í beinni mótsögn við raunverulegar aðgerðir. Túlkunarráttur byltingarinnar rekast iðulega á þversagnir og Jóhann Páll bendir á þrjár slíkar. Í fyrsta lagi stórríkisvæðingu í krafti hugmyndafræði sem þó gerir ráð fyrir að ríkið dragist saman og hverfi, í öðru lagi alþjóðahyggu samfara endurreisn hins rússneska stórríkis og í þriðja lagi sambúð með og samkeppni við heimskapítalismann.

Það hefur mikið að segja um hvernig byltingin er skilin hvaða tímarámmi er hafður um hana. Þegar hringiðunni er lýst í krafti samtímafrásagna verður skýringagildi þjóðfélagskenningarinnar bæði undarlegt og varasamt. En þegar stærra þjóðfélagslegt samhengi er í húfi þarf að grípa til þeirra líkana sem fyrir hendi eru. Þau eru misgóð og misvillandi. Rússnesk yfirvöld – Pútín – hafa reynt að fella byltinguna undir þúsund ára sögu rússneska ríkisins. Hvers vegna gera eitthvað sérstakt með byltinguna: Hún var bara framhald þeirrar þróunar sem hélt áfram fram á þennan dag þar sem einn leiðtogi tók við af öðrum – Nikolaj II og Gorbatsjov eiga það sameiginlegt að hafa gefið eftir, glatað völdunum og gengið nærri tilvist ríkisins en Stalín og Pútín hins vegar að hafa endurreist hið sterka vald sem eitt getur haldið rússneska stórríkinu saman.⁹

Þannig setja rússnesk stjórnvöld í dag sig ekki beinlínis upp á móti byltingunni – eins og gert var í tíð Jeltsíns – en þau reyna að þurrka hana út: Hvað er byltingin í þúsund ára sögu ríkisins? Jóhann Páll bendir á í grein

⁹ Masha Lipman, „Why Putin Won't Be Marking the Hundredth Anniversary of the Bolshevik Revolution“ *The New Yorker*, 3. nóvember 2017, sótt 15. desember 2017, www.newyorker.com.

sinni að það er vissulega hægt með gildum rökum að sýna fram á ólíkar niðurstöður um tímamma byltingarinnar. En það er tæplega hægt að kalla það annað en sögufölsun að láta eins og byltingin sé bara slys, eða í sjálfu sér bara hluti af umbrotum stórríkis.

Greinar Sverris Jakobssonar, Ragnheiðar Kristjánsdóttur og Rósu Magnúsdóttur fjalla hver með sínum hætti um viðtökur byltingarinnar á Íslandi. Sverrir fjallar um þær hugmyndir um sögu og sagnfræði sem viku eldri nálgunum úr vegi á þriðja og fjórða áratugi síðustu aldar. Hin „efnislega söguskoðun“ – söguleg efnishyggja – hafði áhrif langt út fyrir hóp róttækra sósíalista eða kommúnista og mótaði með tímanum almennan skilning á sögulegri framvindu.

Í íslenskri umræðu um efnislega söguskoðun og marxíska kenningu, er Rússneska byltingin einmitt í brennidepli og spurningin um hvort henni sé best lýst með forystuhlutverki eins manns – það er Leníns – eða með því að hún sé knúin áfram af stéttabaráttu. Þannig hæðist kommúnistinn Brynjólfur Bjarnason að þeirri hugmynd að sérstakir persónulegir hæfileikar Leníns hafi gert honum kleift að „tæta í sundur“ þjóðfélagið og „mylja allt skipulag þess og stofnanir.“ Í hans augum er augljóst að þannig verða umskipti sögunnar ekki skýrð.

Þessi takmörkuðu skrif á Íslandi undir lok þriðja áratugarins um byltinguna og söguskoðun sýna einn anga þeirrar umræðu um byltinguna sem hefur haldið áfram að birtast í ólíkum myndum og vekur enn þann dag í dag deilur um eðli hennar og varðar kannski einmitt sögulegan ramma hennar. Hið íhaldssama viðhorf – sem í dag einkennir hina opinberu söguskoðun rússneskra stjórnvalda eins og áður var getið – er að byltingin sé atburður, kannski slys, kannski afrek harðsnúins hóps, en að minnsta kosti ekki til marks um meiriháttar söguleg umskipti, nema að svo miklu leyti sem stórir atburðir hafa alltaf miklar sýnilegar afleiðingar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir fjallar í grein sinni um byltinguna sem „hnattrænan stjórn málaatburð“ – hún hafi bæði haft áhrif um allan heim og tengst því sem var að gerast annarsstaðar í heiminum með margvíslegum hætti svo úr hafi orðið „einstakur sambræðingur“ á hverjum stað. Í íslensku samhengi er sambræðingurinn merkilegur og afdrifarlíkur fyrir íslenska pólitík á tuttugustu öld. Það er ekkert annað en Rússneska byltingin og stofnun Alþjóðasambands kommúnista í kjölfar hennar sem getur af sér kommúnistahreyfinguna á Íslandi. Þar fer tvennt saman: Annars vegar það að íslensk stjórn mála eru orðin miklu samofnari þeirri stjórn-

málaþróun sem greina má um alla Evrópu á sama tíma, og hins vegar að róttæk vinstrihreyfing á Íslandi er komin í beint samband við höfuðstöðvar byltingaraflanna í Moskvu.

Í sagnfræðilegum umræðum um íslenskan kommúnisma hefur sambandið við Moskvu verið áberandi deiluefni. Í þeim má segja að hin íhalds-sama söguskoðun birtist í hugmyndinni um fjarstýringu þar sem róttæk hreyfing á Íslandi er talin lúta beinni stýringu frá Alþjóðasambandi kommúnista, Komintern, og skorta í raun sjálfstæðan vilja og markmið. Því er svo jafnvel haldið fram að Miðstjórn Kommúnistaflokks Sovétríkjanna hafi tekið við þegar Komintern hvarf og stýrt íslenskri sósíalistahreyfingu fram yfir miðja öld.¹⁰ Þannig er hugmyndinni um djúpar rætur byltingarinnar í raun hafnað, en bolsévíkum lýst sem harðsnúinni og skilvirkri hreyfingu sem með þaulhugsuðum áætlunum og skipulagi nær að festa sig í sessi og tryggja völd sín. Fyrst hneppi þeir þjóðir Rússneska heimsveldisins í ánaud og síðar fleiri þjóðir í Austur-Evrópu. Henni hafi ekki lokið fyrr en ríkið hrundi árið 1991.

Þessi söguskoðun einkenndi að hluta hina andkommúnisku sýn á Sovétríkin á kaldastríðsárunum, en hún á enn þann dag í dag furðu miklu fylgi að fagna, meðal eldri kynslóðar sagnfræðinga sem eru mótaðir af deilum þess tíma. Sú skoðun er þó orðin ríkjandi að samspil byltingarinnar og sovésks kommúnisma við samfélög, stjórnmalahreyfingar og verkalyðsbaráttu annarsstaðar í heiminum sé flóknara en svo að mikið gagn sé í stýringarhugmyndinni.

Grein Ragnheiðar lýsir þannig meðbyr og andstöðu við þá hugmyndastrauma sem voru fluttir inn hingað til Íslands í kjölfar Rússnesku byltingarinnar. Hún skýrir hvernig þessir straumar höfðu til fólks á ólíkan hátt og gerðu því mögulegt að öðlast nýja sýn á aðstæður sínar og leiðir til að bæta kjör sín og berjast fyrir sjálfsögðum réttindum. Þó að þessir straumar kölluðu fram umræður um íslenska byltingu og með hvaða hætti valdataka verkalyðsins gæti farið fram og sumir atburðir hér á landi á borð við Hvíta stríðið eða Gúttóslaginn hafi skotið mönnum skelk í bringu, tók íslenskur kommúnismi fljótt dálítið aðra stefnu. Það verður snemma ljóst að sá sérstaki sambræðingur sem best virkaði á Íslandi, var við íslenska þjóðerniskennd. Strax á þriðja áratugnum sjást merki þess að helstu leiðtog-

¹⁰ Þessi skilningur á íslenskri vinstrihreyfingu kemur ágætlega fram í Þór Whitehead, *Sovét-Ísland óskalandið. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð 1921–1946* (Reykjavík: Ugly, 2010) og Hannes Hólmsteinn Gissurason, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011).

ar kommúnista átti sig á þessu og það er vissulega andi þjóðernisbaráttu sem tryggir íslenskum sósíalistum breiða skírskotun í íslensku samfélagi á kaldastríðsárunum.

Á undanförnum áratugum hefur talsvert verið fjallað um kommúnistahreyfinguna sem menningarafkima – það er að segja um lífsstíl og hversdagsviðhorf þeirra sem hreyfingunni tilheyrðu. Rit Mortens Thing, *Kommunismens Kultur* er ein heilsteypasta úttekt á þessari hlið kommúnismans á Norðurlöndum, en ævisögur og einstaklingsfrásagnir vekja stöðugt meiri áhuga sagnfræðinga og annarra sem skrifa um kommúnismann.¹¹ Í slíkri vendingu birtist þó ekkert afturhvarf til hetjusögunnar, heldur fyrst og fremst viðurkenning á þeirri staðreynd að kommúnista- og sósíalistahreyfingin var um margt alveg sér á parti.¹² Þetta kemur ekki síst fram í þeirri skoðun að hugsjónin sem hreyfingin stæði vörð um væri meira en stjórnmalaskoðun – hún væri heildarhugmynd um mannlegt samfélag og mannskilning. Þess vegna krafðist hún þess að félagar gaumgæfðu og mótuðu allan lífsstíl í samræmi við hana. Hreyfingin gat þannig minnt á sértrúarsöfnuð, en þetta þýddi líka að félagsleg samheldni var mikil, samstaða og samneyti, og mörg dæmi þess að fólk umgengist nær eingöngu samherja úr hreyfingunni.

Í grein Rósu Magnúsdóttur er fjallað um einn anga af þeirri samstöðu og hollustu sem einkenndi hreyfinguna og birtist í hátíðahöldum vegna byltingarafmælisins, sjöunda nóvember. Slík hátíðahöld voru mikilvægur hluti af félagsstarfi sósíalista, og í kringum byltingarafmælin sköpuðust líka tækifæri fyrir einstaka féлага til Sovétferða, þar sem Sósíalistaflokkurinn eða Menningarsamband Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR) gátu sent fulltrúa sína til að vera við Hátíðahöld á Rauða torginu.

Í Sovétríkjunum var mikil áhersla lögð á að viðhalda þeirri minningu um byltinguna sem mótuð hafði verið á þriðja áratugnum – og hún var vissulega í stöðugri mótun, þótt megindrættir hennar væru meitlaðir í stein. Hluti af henni voru hin þaulskipulögðu hátíðahöld á Rauða torginu og í kringum þau var höfðað til kommúnista og Sovétvina um allan heim að minnast byltingarinnar með þeim hætti sem átti við á hverjum stað. Hér á Íslandi voru snemma baráttufundir á byltingarafmælinu, kaffisamsæti með ljóðalestri, söng og ræðuhöldum og dansleikir á eftir.

¹¹ Morten Thing, *Kommunismens kultur: DKP og de Intellektuelle 1918-1960* (Kaupmannahöfn: Tiderne skifter, 1993).

¹² Sjá einnig Ásmund Egge og Svend Rybner (ritstj.) *Red Star in the North. Communism in the Nordic Countries* (Oslo: Orkana forlag, 2015).

Það varð með tímanum erfiðara að halda því til streitu að minnast byltingarinnar með veglegum hætti, eftir því sem arfleifð Sovétríkjanna varð umdeilanlegri og valdbeiting þeirra á erlendum vettvangi grímulausari. Eftir 1968 var sá hópur sem þarfnaðist grundvallargóðsagnar byltingarinnar kominn út á jaðarinn – kaffisamsæti og dansleikir í tilefni byltingarinnar heyrdu sögunni til og sömuleiðis hugmynd sambræðingsins, að Sovétríkin skiptu einhverju máli í félagsskap og lífsháttum þeirra sem vildu tengja sig við sósíalisma. Þannig fjaraði byltingin út utan Sovétríkjanna eftir því sem hún varð steinrunnari innan þeirra.

Guðmundur Oddur Magnússon rekur áhrif byltingarinnar á Íslandi eftir öðrum leiðum en sagnfræðingar og stjórn málafræðingar hafa gert. Hann bendir á að upphafsmenn myndlistarkennslu á Íslandi og þeir sem voru í bestu sambandi við það nýjasta hverju sinni í grafík og myndlist voru líka nátengdir vinstrihreyfingunni. Það er ekki algjör tilviljun. Nýjungar í myndlist á fyrstu áratugum aldarinnar ná vissum hápunkti í kraumandi byltingarandrúmslofti þriðja áratugarins. Myndmálið sem skapað er á þessum tíma er innblásið af byltingunni – og þetta myndmál öðlast nýja lífdaga í móðernískri hönnun fimmta og sjötta áratugarins.

Árni Bergmann þýðir brot úr tveimur rússneskum skáldsögum og fylgir þýðingunum úr hlaði með grein um höfundana Alexander Bogdanov og Jevgení Zamjatín. Skáldsögur þeirra flokkast undir vísindaskáldskap. Í *Rauðu stjórnunni* fjallar Bogdanov um samfélag marsbúa sem er komið mun lengra á þróunarbrautinni en mannlegt samfélag á jörðinni. Sagan er ekki beint útópía – og ekki dystópía heldur. Bogdanov reynir að sjá fyrir vandamálin sem blasa jafnvel við samfélögum sem eru skipulögð í samræmi við ítrustu kröfur skynseminnar. Skáldsagan *Við* eftir Zamjatín er miklu þekktara verk. Það er lýsing á hlutskipti einstaklingsins í samfélagi þar sem tilfinningar og einkalíf hefur verið þurrkað út.

Rauða stjarnan er skrifuð nokkrum árum fyrir Rússnesku byltinguna og þar eimir ekki af þeirri alræðishyggju sem umlykur allt samfélagið í skáldsögu Zamjatíns. Að vissu marki gefa þessar sögur alveg tvennskona sýn á afleiðingar byltingarinnar. Annars vegar er samfélag samvinnu og skynsamlegs skipulags, þar sem tilvist og tilfinningar einstaklingsins eru þrátt fyrir allt í fyrirrúmi. Hins vegar er alræðissamfélagið þar sem einstaklingurinn þjónar skipulaginu. Þetta er einmitt sá veruleiki sem margir töldu sig sjá í Sovétríkjunum og voru gerð skil rúmlega tuttugu árum síðar í ennþá frægari skáldsögu – 1984, eftir George Orwell. Skáldsögu á borð

við þessar tvær hafa haft meiri áhrif á sýn almennings á einræðisstjórn kommúnismans heldur en nokkur fræðirit í gegnum tíðina.

Kjartan Ólafsson var um áratuga skeið einn framámanna íslenskra sósíalista. Hann leiddi Samtök hernámsandstæðinga framan af, var framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, þingmaður Alþýðubandalagsins um skeið og ritstjóri *Þjóðviljans*. Kjartan hefur lokið stóru verki um Kommúnistaflokkinn og Sósíalistaflokkinn sem enn er óútgæfið. *Ritið* birtir hér lítið brot úr þessu verki, en þar er fjallað um það tímabil Kommúnistaflokks Íslands þegar harðlínu- eða öfgaöfl komust næst því að ná fullum tókum á flokksnum. Kjartan segir frá samskiptum helstu leiðtoganna Brynjólfs Bjarnasonar og Einars Olgeirssonar og hvernig staða þeirra í flokksnum á þessum tíma réðist af þeirri flokkslínu sem ákveðin hafði verið í Moskvu.

Á árunum 1928 til 1934 var öllu samstarfi við sósíaldemókrata hafnað og þeir kallaðir sósíalfasistar eins og fyrr segir. Hér á Íslandi leiddi þetta til mikilla átaka í flokksnum og brottrekstra, en stefnubreyting Komintern árið 1934 kom í veg fyrir að flokkurinn liðaðist í sundur, því það ár var blaðinu snúið við og hvatt til samvinnu við önnur öfl á vinstri vængnum í kjölfar valdatöku Hitlers.

En í tengslum við þessar deilur þurftu sumir að skoða sinn innri mann nokkuð vandlega og gera það upp við sig hvað skipti á endanum mestu máli: Hollustan við hreyfinguna – og Komintern og Sovétríkin – eða sjálfstætt mat á pólitískum veruleika á Íslandi. Stefán Pjetursson, sem árum saman hafði verið álitinn framtíðarleiðtogi íslenskra kommúnista, var sá sem við átökin hvarf úr hreyfingunni og snerist gegn henni. Vinur hans Einar Olgeirsson sá hins vegar sína sæng upp reidda og gerði atlögu að því að setja fram sjálfsgagnrýni í þeim stíl sem þá tíðkaðist til að þóknast Komintern. Um þetta fjallar Kjartan í því broti sem *Ritið* birtir, í ljósi heimilda sem ekki hafa verið aðgengilegar fyrr en nú.

III

Byltingarafmælisins var sem fyrr segir ekki minnst sérstaklega í Moskvu. Því hefur verið haldið fram að eitthundrað ára afmælið hafi verið hátíð fræðimanna og þeir hafi fagnað því með fjölda ráðstefna um allan heim þar sem aðskiljanlegustu spurningar um byltinguna og Sovétsöguna hafi verið ræddar í þau. En það er þó ekki rétt að ekkert hafi verið gert til hátíðarbrigða þennan dag. Stjórnvöld efndu til hátíðarsýningar sem var þaulæfð, eins og vera ber, og fór fram á Rauða torginu. En þar var bylting-

arinnar ekki beinlínis minnst: Minnst var eins tiltekens byltingarafmælis, það er að segja 7. nóvember árið 1945 þegar fagnað var á táknrænan hátt sigri Sovétríkjanna í nýafstaðinni styrjöld. Auk þessara hátíðahalda efndi Rússneski kommúnistaflokkurinn – næststærsti stjórnmálaflokkur landsins – til samkomu og skrudgöngu um Moskvu. Þar var vissulega veifað rauðum fánum og helgimyndum leiðtoganna (Leníns, Stalíns) haldið á lofti.¹³

Þetta dálítið vandræðalega eitthundrað ára afmæli er þó bara í samræmi við umræðu – hvort heldur er fræðilega eða á vettvangi fjölmiðlanna – um byltinguna sem einhvern veginn heldur áfram að róta í sömu spurningum og samskonar efasendum. *The New York Times* gerir byltingunni skil í greinaflokki sem spannar tímabilið milli byltinganna í febrúar og október. Í síðustu greininni spyr þekktur sovétsagnfræðingur: Hvað ef byltingin hefði aldrei verið gerð? Hann fullvissar lesandann um að byltingin hafi sannarlega ekki verið óhjákvæmileg, en þó hafi hún breytt öllu. Tuttugasta öldin væri óþekktanleg án Rússnesku byltingarinnar.¹⁴ Staðhæfingin vekur spurningar um hvað átt sé við með hugtökum á borð við tilviljun og nauðsyn.

Það er alltaf freistandi þegar um er að ræða atburðarás þar sem þátttaka einstakra gerenda virðist skipta höfuðmáli fyrir útkomuna, að draga þá ályktun að atburðarásin hefði orðið allt öðruvísi eða beinst í annan farveg ef þessir gerendur hefðu verið stöðvaðir. Hvað hefði gerst ef Lenín hefði til dæmis verið handtekinn 24. eða 25. október? Eða ef bolsévíkar hefðu fengið harðari andspyrnu þegar þeir ráku bráðabirgðastjórnina úr Vetrarhöllinni? Forsendan fyrir þeirri ályktun að sagan hefði þróast einhvern veginn allt öðruvísi ef raunveruleg rás atburðanna hefði verið stöðvuð einhvers staðar er sú að það eitt hefði komið í veg fyrir valdatöku bolsévíka.

En það er full ástæða til að efast um þessa einföldu hugmynd um að eina atburðarásin sem hefði getað endað með alræðisvaldi bolsévíka hafi einmitt verið sú sem raunverulega átti sér stað. Til þess er ekki nauðsynlegt að setja fram flóknar útlistanir á þjóðfélagsþróun í Rússlandi, eða þeim atburðum sem leiddu til upplausnarástandsins haustið 1917. Í rauninni nægir að draga fram mörg helstu einkenni bolsévíka – hópsins sem raunverulega stefndi að því leynt og ljóst og af vaxandi ákveðni eftir því sem á árið leið að ná öllum völdum í sínar hendur. Það er ekki ólíklegt að

¹³ Ivan Nechepurenko „Communists Mark Russian Revolution Centenary in Moscow. *The New York Times*, 7. nóvember 2017. Sótt 30. nóvember www.nytimes.com.

¹⁴ Simon Sebag Montefiore, „What if the revolution had never happened?“ *The New York Times*, 6. nóvember 2017. Sótt 30. nóvember www.nytimes.com.

jafnvel þótt valdatakan hefði farið út um þúfur í október 1917, þá hefði annað eða önnur tækifæri komið síðar sem hefðu á endanum leitt til bolsévíks flokkseintræðis. Það er ekki nauðsynlegt að líta svo á að annað hvort hafi atburðirnir átt aflvaka í þjóðfélagsaðstæðum sem gerðu byltinguna og eftirmála hennar nauðsynlega, eða hún hafi í raun verið óheppileg röð tilviljana – harmleikur eða katastrofa, sem mögulegt hefði verið að hindra með einföldum aðgerðum eins og handtöku Leníns.

Ólgan í Petrograd endurspeglaði ekki aðeins ástand mála í Rússlandi. Um alla Evrópu kraumaði uppreisnar- og byltingarvilji meðal stórra þjóðfélagshópa. Alls staðar var óvissa og upplausn – sérstaklega auðvitað á þeim svæðum sem áður höfðu tilheyrt hinum föllnu keisaradæmum. Í Rússlandi höguðu atvik því svo að róttækasti eða öfgafyllsti hópurninn náði öllum völdum í sínar hendur. Það var ekki af sögulegri nauðsyn, en það var engin tilviljun heldur.

Sumir höfundar hafa svo haldið því fram að eftir að Bolsévíkar náðu völdunum hafi framtíðin verið fyrirsjáanleg. Öll þjóðfélagsþróun í Rússlandi hafi verið í samræmi við það prógramm sem Lenín setti fram og þannig sé ástæða einræðis og grimmilegra hreinsana og slátrana í Sovétríkjunum marx-lenínisminn sem sovésk stjórnvöld aðhylltust og beittu. En líka þetta er einföldun: Það einkennir stefnu og aðgerðir sovétstjórnarinnar að hún er, eins og önnur stjórnvöld, að bregðast við aðstæðum, raunverulegum eða ímynduðum. Ekkert eitt skýringamódel getur í senn gefið okkur ástæður iðnvæðingarinnar og hreinsananna miklu, samyrkjubúskaparins og hungursneyðarinnar í Úkraínu og Kazakhstan í upphafi fjórða áratugarins.

Rússneskum stjórnvöldum þykir í dag mikilvægt að minnst ekki byltingarinnar, en hún hverfur ekki við það. Og hugmyndin um að hún sé bara einn margra áhugaverðra atburða í þúsund ára sögu Rússlands, hvorki meiri né merkilegri en aðrir staðfestir aðeins það augljósa: Afstaðan til byltingarinnar er og verður ein mikilvægasta vísbending sem hægt er að hafa um hvers konar stjórnvöld ríkja í Rússlandi hverju sinni. Því hún fer ekkert, ekki í bili. Það er hægt að hætta að tala við foreldra sína eða börn eða systkini, jafnvel afneita þeim – fjölskyldutengslin breytast ekki fyrir það. Á sama hátt geta rússnesk stjórnvöld afneitað byltingunni – en það breytir ekki því að þau eru afsprengi byltingarinnar. Sama má segja um rússneskt samfélag og kannski alþjóðasamfélagið að einhverju leyti líka.